

Áfangalýsing

Titill	Permanent 1
Námsgrein	verklegt permanent
Viðfangsefni	
Skammstöfun	HPEM1HG04
Staða	
Þrep	1
Einingafjöldi	4
Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla	HPEM1HG04
Lýsing	Nemandi kynnist grunnatriðum permanents og fær þjálfun í að gera skiptingar og rúlla upp nokkrum gerðum upprúlls og öðlast aukna leikni í upprúlli á permanenti með ólíkum spólugerðum. Kennd eru grunnatriði hárvottar og næringarnudds. Einnig eru nemendum kynntar verklýsingar fyrir permanent og þeir fá grunnþjálfun í gerð þeirra og að fara eftir þeim. Farið er í ýmis permanentefni og vinnuaðferðir og kennd greining hárs. Gerðar eru kröfur varðandi hraða og vandvirkni. Farið er í smitvarnir og öryggisatriði. Notast er við æfingahöfuð við verklega þjálfun.
Forkröfur	Engar
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • grunnskiptingum fyrir permanentupprúll. • mismunandi spólustærðum og gerðum.
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • gera grunnskiptingar fyrir upprúll. • gera upprúll á heilt höfuð. • búa til verklýsingar fyrir permanent.
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • halda á greiðu á sama tíma og rúllað er upp. • að nota endapappír rétt. • ná jafnri spennu á hári frá rót að enda. • taka skiptingar í samræmi við spólustærð og fyrirhugaða útkomu.
Námsmat	Símat
Útgáfunúmer	
Skólar	
Fyrirmynd	